


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	TRÉS1SL06 Námsáætlun haust 2015	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Bragi S. Óskarsson, Kristján Davíðsson, Þorleifur Jóhannsson	Sk.st.	BSÓ, KRÐ, ÞOR
----------------	---	---------------	---------------

Lýsing:

Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og trésmíðavéla. Nemandinn kynnist ýmsum trésamsetningum, aðferðum við límingar, þússningu og meðferð yfirborðsefna. Nemandinn lærir að nota hefilbekki og stilla þá m.t.t. vinnustellinga og mismunandi verka og fær þjálfun í að nota áhöld til mælinga og uppmerkinga. Nemandinn fær fræðslu um öryggismál á trésmíðaverkstæðum og hættur sem leynast á vinnusvæðinu. Áhersla er lögð á að nemandinn læri hvernig ganga skuli um tæki og vélar og að nota nauðsynlegar persónu- og öryggishlífar.

Áfangamarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- vinnuumhverfi trésmíða
- öryggismálum á trésmíðaverkstæðum
- algengum tegundum smíðaviðar
- algengustu trésmíðavélum
- algengustu hand- og rafmagnshandverkfærum
- helstu trésamsetningum
- grunnatriðum yfirborðsmeðferðar á smíðaviði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með mismunandi smíðavið og efni
- nota algeng handverkfæri og trésmíðavélar
- nota áhöld til mælinga og uppmerkinga
- bera yfirborðsefni á tré með mismunandi hætti
- nota persónuhlífar og öryggishlífar á trésmíðavélum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- smíða einfalda hluti eftir teikningum og verklýsingum
- leysa af hendi fjölbreytt verkefni
- vinna með helstu tæki og vélar sem notuð eru við störf á trésmíðaverkstæði
- meta hættur sem leynast á trésmíðaverkstæði
- velja hlífðarbúnað og hlífar í samræmi við aðstæður

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	TRÉS1SL06	
	Námsáætlun haust 2015	

Kennari	Bragi S. Óskarsson, Kristján Davíðsson, Þorleifur Jóhannsson	Sk.st.	BSÓ, KRÐ, ÞOR
----------------	---	---------------	---------------

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi. Einkunnir verða byggðar á vinnu nemandans og ástundun í áfanganum sem og sjálfsmati nemandans.

Verkefni: Ýmiskonar samsetningar á hornum og önnur verkefni sem hæfa markmiðum áfangans

Vika	Verkefni	Vægi í %
34-35	Kynning og undirbúningur	0%
35-36	Heflun og sögun	20%
36-42	Nokkrar gerðir hornasamsetninga (geirnegling, gluggahorn ofl.)	30%
42-45	Stólkollur	25%
45-49	Vinnutrappa	25%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils